


Á ríkið að grípa inn í almennan raforkumarkað?

DAÐI MÁR KRISTÓFERSSON

Stórasta land í heimi


- Íslenska hagkerfið er mjög orkufrekt
- Óvanalega hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku
- Almennt er orka eftirsótt í heiminum - sérstaklega endurnýjanleg orka



Raforkukerfið



- Íslenska raforkukerfið lokað (ekki hluti að stærri markaði) og mjög háð vatnsafli (og þar með vatnsbúskap)
- Almenni raforkumarkaðurinn óvanalega lítill





Heimild: Viðskiptaráð 2023, Hagstofa Íslands


Raforkukerfið í krísu



- Vaxandi eftirspurn eftir raforku – en framboð vex hægt
- Minnkandi munur á verði á almennum raforkumarkaði og markaði stórnotenda
- Nú er svo komið að slæm vatnsstaða getur leitt til þess að orku skorti á almennan markað – sem ekki fær að keppa við markað stórnotenda um verð
- Ekki er fyrirsjáanlegt rými, í óbreyttu kerfi, fyrir orkuskipti á næstu árum – einungis að sinna almennum vexti eftirspurnar – ef vel viðrar (rignir hressilega)
- Nægt rými til orkuskipta ef verð hækkar og stórnotendur velja að draga úr orkunotkun



Heimild: Orkustofnun



Heimild: Landsnet, Orkustofnun

Aðgerðir ríkisins



- Lagt hefur verið fram frumvarp sem heimilar ráðherra inngrip á almennan markað
- Tvær útgáfur:
 - „Til að tryggja raforkuöryggi notenda raforku, annarra en stórnotenda, ber markaðsráðandi vinnslufyrirtæki að tryggja framboð forgangsraforku á heildsölumarkaði til notenda, annarra en stórnotenda, sem nemur því magni sem vinnslufyrirtækið seldi á heildsölumarkaði á árinu á undan. Magn forgangsraforku skal leiðrétta árlega miðað við þróun almenns markaðar samkvæmt spá Orkustofnunar og á flutningstöpum.“
 - „Til að tryggja raforkuöryggi til heimila og fyrirtækja, annarra en stórnotenda og þeirra sem hafa samið sérstaklega um skerðanlega notkun, ber vinnslufyrirtæki að tryggja forgangsraforku til þeirra auk flutningstapa í hlutfalli af framleiðslu sinni næstliðið ár af heildarframleiðslu. Magn forgangsraforku og flutningstapa skal leiðrétta árlega miðað við þróun raforkunotkunar heimila og fyrirtækja samkvæmt spá flutningsfyrirtækisins. „


- Lagt hefur verið fram frumvarp sem heimilar ráðherra inngrip á almennan markað
- Tvær útgáfur:
 - „Til að tryggja raforkuöryggi notenda raforku, annarra en stórnotenda, ber markaðsráðandi vinnslufyrirtæki að tryggja framboð forgangsraforku á heildsölumarkaði til notenda, annarra en stórnotenda, sem nemur því magni sem vinnslufyrirtækið seldi á heildsölumarkaði á árinu á undan. Magn forgangsraforku skal leiðrétta árlega miðað við þróun almenns markaðar samkvæmt spá Orkustofnunar og á flutningstöpum.“
 - „Til að tryggja raforkuöryggi til heimila og fyrirtækja, annarra en stórnotenda og þeirra sem hafa samið sérstaklega um skerðanlega notkun, ber vinnslufyrirtæki að tryggja forgangsraforku til þeirra auk flutningstapa í hlutfalli af framleiðslu sinni næstliðið ár af heildarframleiðslu. Magn forgangsraforku og flutningstapa skal leiðrétta árlega miðað við þróun raforkunotkunar heimila og fyrirtækja samkvæmt spá flutningsfyrirtækisins. „

Er þetta góð leið?

- Eitthvað verður að gera, en...
- Vandamál
 - Verið er að baka orkuframleiðendum tjón ef þeir geta ekki staðið við gerða samninga
 - Verið er að draga úr hvatanum til að auka framleiðslu – og þar með skerða möguleika til orkuskipta
 - Hætta á að almenni markaðurinn verði útundan í orkuuppbyggingu
 - Upplýsingar berast ekki neytendum um skort á orku eða hve mikil orka stendur þeim til boða
 - Leiðirnar hafa neikvæðar afleiðingar fyrir samkeppnisstöðu aðila á markaði
- Hvað annað mætti gera?
 - Auka skilvirkni verðlagningar á raforku

Hvað gera aðrar þjóðir?

- Láta markaðinum eftir að ákvarða verð og skammta orku
- Beita niðurgreiðslum og verðtakmörkum ef þörf er á inngripum



Heimild: Hagstofa Íslands, countryeconomy.com




Heimild: ACER 2023

Raforkumarkaður á Íslandi



- Fáir stórir kaupendur einkenna heildsölumarkað
- Einn framleiðandi, Landsvirkjun, ber höfuð og herðar yfir aðra
- Flestir aðrir framleiðendur lóðrétt samþættir (stunda bæði framleiðslu og dreifingu) og þar með ekki stórtækir í viðskiptum með raforku við aðra en viðskiptavini eigin dreifiveitna




Heimild: Efla 2019

Raforkumarkaður á Íslandi



- Fáir stórir kaupendur einkenna heildsölumarkað
- Einn framleiðandi, Landsvirkjun, ber höfuð og herðar yfir aðra
- Flestir aðrir framleiðendur lóðrétt samþættir (stunda bæði framleiðslu og dreifingu) og þar með ekki stórtækir í viðskiptum með raforku við aðra en viðskiptavini eigin dreifiveitna
- Ekki beinlínis góðar forsendur fyrir skilvirkum markaði



Heimild: Efla 2019

Hvað væri hægt að gera?

- Styrkja stoðir markaðar:
- Byggja upp smásöllumarkað að hætti norðurlanda
 - Verkefnið Elma sem Landsnet stendur fyrir
 - Markmið að byggja upp s.k. day ahead markað
 - Forsenda fyrir skilvirkri verðlagningu og markaði fyrir framvirka samninga
 - Mörg ljón í veginum – sérstaklega fátækleg framboðshlið, vandamál með miðlun verðmerkja
 - Mjög frábrugðið núverandi fyrirkomulagi
- Byggja upp markað fyrir samninga um afhendingu (PPA)
 - Verkefnið Vonarskarð dæmi um slíkt
 - Byggir á núverandi stöðu
 - Gæti ásamt vandaðri áætlun um þróun eftirspurnar orðið að góðu tæki til að tryggja orkuöryggi og skilvirkari verðlagningu

Hvað væri meira hægt að gera?

- Styrkja framboð
 - Sterkari hvatar fyrir minni framleiðendur
 - Gera ákvarðanaferli nýrra verkefna skilvirkari
 - Auðvelda stórnotendum að selja orku inn á markaðinn
- Auka samkeppni
 - Skipta Landsvirkjun í nokkur smærri fyrirtæki
 - Hvetja aðra framleiðendur til að taka þátt í markaði
 - Leggja sæstreng
 - ...

Vandamál við markað sem lausn

- Ólíklegt að skili miklum árangri til skamms tíma
- Erfið skilyrði fyrir markað vegna ráðandi stöðu Landsvirkjunar
- Mikil pólitísk (og almenn) andstaða við að viðurkenna að raforka er vara sem er takmörkuð, þarf að forgangsraða og hvetja til meiri framleiðslu eða annarskonar nýtingar

Samantekt

- Orkuskortur er yfirvofandi á Íslandi
 - Samt er Ísland orkuauðugasta þjóð í heimi, miðað við höfðatölu
- Honum hefur verið spáð lengi
- Ýmislegt má finna að viðbrögðum stjórnvalda
 - Ófyrirséð áhrif á samkeppnisstöðu, þróun framboðs...
- Til lengri tíma litið væri ákjósanlegra að komið væri á skilvirkari markaði sem miðlaði orku þangað sem hún skapar mest verðmæti
- Aðgerðir ættu frekar að beinast að því að styrkja þá þróun

Takk fyrir mig